



## Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Þriðjudaginn, 18. maí 2010

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar 18. maí 2010, kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn stjórnaði honum og bauð upp á góðar veitngar. Heidiún Bjarkadóttir ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

#### **Dagskrárliður 1**

Stofnun lóðar undir sorpurðun að Sölvabakka: Lagt fyrir lóðablað og tillaga af framkvæmdarleyfi lögð fram til kynningar

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir þetta lóðablað og leggur til að framkvæmdarleyfi verði samþykkt.

#### **Dagskrárliður 2**

Lárus B. Jónsson fyrir hönd Blöndu ehf. óskar eftir stöðuleyfi fyrir 3 gáma í Brautarhvammi. Fyrirhugað er að nota gámanna sem þvottahús og klósett. Fyrirhugað er að klæða gámanna að utan með timbri í stíl við lokaða girðingu.

Afgreiðsla: Erindinu hafnað þar sem þetta stenst ekki 43. grein skipulagslaga.

#### **Dagskrárliður 3**

Smárabraut 11-17: GH. Gröfur leggja fyrir aðalteikningar og óska eftir að lóðasamningur verði gerður.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir aðalteikningar með fyrirvara um að undirritaðar teikningar berist. Nefndin leggur til að byggingarfulltrúi geri lóðasamninga við GH. Gröfur.

#### **Dagskrárliður 4**

Fyrirhuguð breyting á gluggum húseignarinnar Húnabrautar 13. Húseigendur óska eftir umsögn byggingarnefndar um fyrirliggjandi teikningu. Ennfremur er óskað eftir umfjöllun um flóttaleiðir og björgunarop.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir þessar útlitsbreytingar.

#### **Dagskrárliður 5**

Jollanta Tomaszewa sækir um byggingarleyfi fyrir Aðalgötu 2. Sótt er um að breyta notkun hússins úr íbúðarhúsi í veitinga og gistihús. Fyrir liggur teikning nr.101 dags 24.03.2010 óundirrituð ásamt umsögn Brunamálastofnunar dags 15.03.2010. Nýjar teikningar hafa borist frá síðasta fundi.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið.

#### **Dagskrárliður 6**

Textílsetur á Blönduósi óskar eftir því að setja upp skilti á horni Norðurlandsvegar og Húnabrautar neðan við skiltið Heimilisiðnaðarsafn, Textile museum.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið.

#### **Dagskrárliður 7**

Önnur mál.

- a) Umræða varð um skiltamál í bænum og beinir nefndin því til tæknideildar að fara yfir þessi mál og sjá til þess að þau skilti sem eru orðin úrelt og skemmd verði fjarlægð.

- b) Fyrir fundinum liggja teikningar af húsum nr. 21-29 við Brautarhvamm á fasteignanúmeri 218132.

Nefndin samþykkir þessar teikningar.



Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30

*Þórdís Björnsdóttir (sign)*

*Valgarður Hilmarsson (sign.)*

*Valgerður Gísladóttir (sign)*

*Heiðrún Bjarkadóttir (sign)*

*Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign.)*

*Þórður Pálsson (sign)*